

Umbótaáætlun Víkurskóla vegna ytra mats MMS í mars 2021



Umbótaáætlun Víkurskóla er unnin í framhaldi af ytra mati Menntamálastofnunar sem unnið var í mars 2021. Ytra mat í grunnskólum er samstarfsverkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga og Mennta- og menningarmálaráðuneytis. Matið snýr að stjórnun og faglegri forystu, námi og kennslu og innra mati. Umbótaáætlunina var unnu af matsteymi Víkurskóla í maí til október 2021.

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu ¹	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
<u>Svið I - Stjórnun og fagleg forysta²</u>					
<ul style="list-style-type: none"> Stuðla að því að skólastefna Mýrdalshrepps sé tekin til endurskoðunar sem fyrst svo taka megi mið af henni við endurskoðun skólastefnu Víkurskóla 	Senda erindi til sveitarstjórnar þar sem hvatt er til að endurskoðun verði flýtt eins og kostur er.	September 2021	September 2021	Fræðslunefnd Mýrdalshrepps, sveitartjórn Mýrdalshrepps, skólastjórnendur Víkurskóla	Vor 2022
<ul style="list-style-type: none"> Taka upp markvissara samstarf við foreldra um samstarf um ákvarðanir í skólastarfinu 	Senda erindi til foreldrafélags Víkurskóla og óska eftir hugmyndum frá félaginu hvernig skólinn geti formað betur samstarf um ákvarðanir í skólastarfinu. Stjórn foreldrafélags boðuð á fund með Skólaráði Víkurskóla.	Október 2021	Desember 2021	Skólastjóri	Vor 2022
<ul style="list-style-type: none"> Kynna stoðþjónustu sem í boði er á vegum skólans fyrir öllum foreldrum 	Rætt á fundi með forstöðumanni Skólaþjónustunnar í byrjun september 2021. Ákveðið að allir umsjónarkennarar verði með kynningu frá Skólaþjónustunni á árlegum skólakynningum hvers umsjónarhóps. Jafnframt mun kennsluráðgjafi Skólaþjónustunnar hafa fasta viðveru á foreldra- og nemendadegi haust og vor	September 2021	September 2021	Skólastjóri - umsjónarkennarar	Meta í lok skólárs reynslu af þessu fyrirkomulagi.

¹ Skólar gætu einnig viljað leggja áherslu á að þróa og viðhalda styrkleikum.

² Bætið við línunum eftir þörfum.

	og verður það kynnt foreldrum sérstaklega fyrir þessa daga.				
• Skólaráð setji sér starfsáætlun	Á fyrsta fundi skólaráðs Víkurskóla verður sett fram starfsáætlun fyrir ráðið	Október 2021	Október 2021	Skólastjóri og skólaráð Víkurskóla	Vorfundur skólaráðs
• Skólaráð haldi árlega opinn fund fyrir skólasamfélagið	Skólaráð stendur fyrir viðburði fyrir skólasamfélagið, á fyrsta fundi skólaráðs haust hvert er sett á dagskrá að hvaða viðburði skuli stefnt á skólaárinu.	September 2021	September 2021	Skólastjóri og skólaráð Víkurskóla	Vor 2022
• Skrá upplýsingar um samskipti við leik-, grunn-, og framhaldsskóla í starfsáætlun skólans	Setja sérstakan kafla í starfsáætlun skólans er lýtur að samstarfi við önnur skólastig.	September 2021	September 2021	Skólastjóri	Vor 2022
• Skrá verklag um lausn ágreiningsmála	Sveitarfélagið hefur gert samstarfssamning við Auðnast ehf um heildstæða þjónustu á sviði heilsuverndar, þ.m.t. mun fyrirtækið taka að sér að vinna úr ágreiningsmálum/samskiptavanda í starfsmannahópnum. Sérstaklega getið í starfsmannahandbók í hvað farveg ágreiningsmál eru sett.	Október 2021	Október 2021	Skólastjóri / Sveitarfélagið Mýrdalshreppur	Vor 2022
• Sjá til þess að stjórnendur eigi kost á handleiðslu ef á þarf að halda	Sveitarfélagið hefur gert samstarfssamning við Auðnast ehf um heildstæða þjónustu á sviði heilsuverndar sem felur í sér að gæta heilsutengra hagsmuna starfsfólks með það að markmiði að lágmarka fjarvistir vegna veikinda og streitutengdra þátta og grípa fyrir inni heilufarslegan vanda sem getur leitt til heilubrests. Auðnast	Október 2021	Október 2021	Skólastjóri / Sveitarfélagið Mýrdalshreppur	Vor 2022

	veitir jafnframt ráðgjöf og handleiðslu til stjórnenda.				
--	---	--	--	--	--

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
Svið II – Nám og kennsla					
• Samræma þarf inntak og framsetningu á bekkjarnámskrá og námsáætlunum	Bekkjarnámskrár og áætlanir endurskoðaðar haustið 2021.	Haust 2021	Haust 2021	Stjórnendur, umsjónarkennarar	Vor 2022
• Námsaðlögun nemenda þarf að koma skýrt fram í bekkjarnámskrá	Námsaðlögun sett fram sérstaklega í bekkjarnámskrá fyrir hvern námshóp.	Haust 2021	Haust 2021	Kennarar/stjórnendur	Vor og haust
• Halda áfram að þróa og samræma námsmat í skólanum	Námsmat er í þróun, starfsmenn nýta m.a. stigsfundir til þess að móta námsmatið.	Haust 2021	Vor 2022	Kennarar/stjórnendur	Vor og haust
• Leita leiða til að efla árangur nemenda í stærðfræði	Endurmenntun starfsmanna með námskeiðaröð hjá Skólaþjónustunni, virkt stærðfræðiteymi innan skólans. Viðmið um árangur sett.	Haust 2021	Stöðugt í gangi	Stærðfræðikennarar/stjórnendur	Vor 2022
• Nýta umræður og skoðanaskipti markvisst í námi nemenda	Kennarar hvattir til að þjálfar nemendur á öllum aldurstigum í umræðum og skoðanaskiptum. Stigsfundir nýttir til að kennarar miðli reynslu og hugmyndum sem geti eflt þennan þátt.	Haust 2021	Stöðugt í gangi	Kennarar / Stjórnendur	Meta á stigsfundum hvernig framgangur er yfir skólaárið. Rýnt á starfsdögum 2022

<ul style="list-style-type: none"> Vinna markvisst gegn einelti 	Námskeið með Vöndu Sigurgeirsdóttur þar sem hún kennir árangursríkar aðferðir til þess að koma í veg fyrir neikvæða hegðun og samskipti í nemendahópum. Orðræða og verkfræri Uppeldis til ábyrgðar nýtt til vinnu í bekkjum eftir tímasettri áætlun.	Haust 2021	Stöðugt í gangi	Allir starfmenn/stjórnendur	Meta á stigfundum hvernig framgangur er yfir skólaárið. Rýnt á starfsdögum 2022
<ul style="list-style-type: none"> Kynna nemendum hæfniviðmið og markmið sem unnið er að hverju sinni 	Kennarar hvattir til að vera meðvitaðir um að kynna ávallt fyrir nemendum hæfni og markmið í upphafi kennslustundar, grunngildi menntunar sýnileg í skólastarfinu.	Haust 2021	Stöðugt í gangi	Allir kennarar	Meta á stigfundum hvernig framgangur er yfir skólaárið.
<ul style="list-style-type: none"> Gera grein fyrir fléttum í náttúrfræði og samfélagsfræði í skólanámskrá 	Fléttur útbúnar í náttúrfræði og samfélagsfræði þar sem skörun verður vegna samkennsluhópa.	Vor 2021	Vor 2021	Samfélagsfræðikennarar /Náttúrufræðikennarar /Aðstoðarskólastjóri	Rýnt á starfsdögum 2022
<ul style="list-style-type: none"> Tryggja að nemendur fái heildarnámstíma samkvæmt viðmiðunarstundaskrá á 10 ára skólagöngu þrátt fyrir færri skóladaga. 	Kennsludagar í Víkurskóla eru 175. Allir námshópar fá 1 kennslustund umfram viðmiðunarstundafjölda sem tryggir heildarnámstíma á skólagöngu nemenda yfir 10 ár.	Vor 2021	Vor 2021	Stjórnendur	Við upphaf hvers skólaárs
<ul style="list-style-type: none"> Brýnt er að koma á kennslu í verkgreinum (svo sem smíði) og auka kennslu í öðrum list- og verkgreinum. 	Frá og með skólaárinu 2021-2022 er kennd hönnun og smíði við Víkurskóla. Jafnframt er aukið við kennslu í verkgreinum á öllum stigum.	Haust 2021	Haust 2021	Stjórnendur	Vor 2022
<ul style="list-style-type: none"> Stuðla að aukinni námsvitund nemenda og 	Kennarar vinna markvisst með námsvitund nemenda. Áform	Haust 2021	Haust 2021	Stjórnendur / umsjónarkennarar	Vor 2022

Þjálfa þá í markmiðssetningu og mati á eigin námi og árangri	innleidd haust 2021, nemendur í 5.-10. bekk hitta umsjónarkennara einu sinni í viku þar sem farið er yfir með hverjum og einum hvernig námið gengur og að hverju skuli stefnt. Gripið til úrræða ef námið gengur ekki sem skyldi.				
• Auka upplýsingatæki í námi	Haust 2021 voru keyptar fartölvur fyrir skólann þær auka möguleika á að nýta upplýsingatækni inn í bekkjarstofum. Kennarar temji sér með markvissum hætti að nýta fartölvur og spjaldtölvur til að styðja við nám barnanna.	Haust 2021		Stjórnendur, kennarar	Meta framgang þessa stigsfundum. Vor 2022
• Birta viðmið um árangur í skólanámskrá	Viðmið um árangur í samræmdum prófum og stöðluðum lesskilningsprófum eru birt í skólanámskrá Víkurskóla.	Haust 2021	Haust 2021	Stjórnendur / matsteymi	Vor 2022
• Leita leiða til að styrkja trú nemenda á eigin námsgetu	Innleiðing á „áformum“ með nemendum í 5.-10. bekk. Nemendur gerðir meðvitaðir um sína styrkleika í vinnu m.a. í gegnum uppeldi til ábyrgðar. Kennarar veiti markvissa endurgjöf og hrós til allra nemenda.	Haust 2021	Stöðugt í gangi	Stjórnendur / allir starfsmenn	Vor 2022 Skólapúlsinn haust 2022

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
Svið III – Innra mat					
<ul style="list-style-type: none"> • Skipa matsteymi með þátttöku fulltrúa foreldra og nemenda 	Matsteymi skólans er skipað 5 aðilum frá og með hausti 2021	Október 2021	Október 2021	Skólastjóri	Vor 2022
<ul style="list-style-type: none"> • Koma á reglulegu mati á kennslu og fagmennsku kennara 	Stjórnendur munu skipta með sér verkum í að fylgjast með námi og kennslu hjá kennurum með heimsóknum í kennslustundir a.m.k tvisvar yfir skólaárið. Unnið eftir matsramma og veitt endurgjöf. Jafnframt eru kennarar hvattir til að styðja hvern annan t.d. með gagnkvæmum heimsóknum í kennslustundir.	Haust 2021	Alltaf í gangi	Skólastjórnendur	Vor 2022
<ul style="list-style-type: none"> • Meta skipulega markmið sem birt eru í stefnu skólans 	Skólastefna Víkurskóla metin a.m.k annað hvert ár í samráði við starfsmenn og skólaráð Víkurskóla.	Maí 2022	Maí 2022	Skólastjórnendur/skólaráð	Vor 2022
<ul style="list-style-type: none"> • Vinna umbótaáætlun þar sem fram kemur tímasetning, ábyrgðaraðilar, þátttakendur og hvernig og hvenær meta á umbætur 	Umbótaáætlanir eru unnar yfir skólaárið í kjölfar niðurstaðna í innra mati. Þar koma fram markmið, viðmið um árangur, ábyrgðaraðilar verkefna og hvenær árangur verður metinn.	Haust 2021	Stöðugt í gangi	Skólastjórnendur/matsteymi	Vor 2022
<ul style="list-style-type: none"> • Vinna árlega greinargerð út frá niðurstöðum innra 	Greinargerð var unnin fyrir skólaárið 2020-2021	Vor2021	Stöðugt í gangi	Skólastjóri	Vor 2022

mats þar sem fram kemur mat á framgangi umbóta frá fyrra ári					
• Fylgja umbótum kerfisbundið eftir	Umbætur í skólastarfinu eru metnar í gegnum matsteymi, skólaráð og starfsmannafundi.	Vor 2021	Alltaf í gangi	Skólastjórnendur, matsteymi, skólaráð, starfsmenn Víkurskóla	Vor 2022
• Setja viðmið um árangur til að unnt sé að meta hvort markmiðum hefur verið náð	Viðmið um árangur sett og birt í árlegri skýrslu um innra mat skólans og skólanámskrá.	Vor 2021	Vor 2021	Skólastjóri / matsteymi Víkurskóla	Vor 2022
• Kynna niðurstöður Skólapúls fyrir nemendum	Niðurstöður Skólapúlsins verða framvegis kynntar fyrir öllum námshópum.	Vor 2021	Vor 2021	Skólastjóri / Umsjónarkennarar	Haust 2022
• Endurskoða reglulega gagnaöflunarleiðir, aðferðir og reynslu af innra mati.	Matsteymi mun rýna gagnaöflunarleiðir og aðferðir við innra mat árlega.	Vor 2021	Vor 2021	Skólastjóri / matsteymi Víkurskóla	Vor 2022

